

# Árspaning Taekwondosambands Íslands 2011

## 26. maí 2011

Fundarsalur E, 3. hæð ÍSÍ Engjavegi 6

Mættir stjórnarmeðlimir TKÍ eru:

Arnar Bragason, formaður  
Richard Már Jónsson, gjaldkeri  
Sigríður St Hlynsdóttir, ritari

### 1. Þingsetning

Arnar Bragason setur þingið.

### 2. Kosning 1. og 2. þingforseta

Arnar tilnefnir X sem þingforseta. X er kosinn sem þingforseti.

### 3. Kosning 1. og 2. þingritara

Sigríður kosinn þingritari

### 4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar

Guðrún Vilmundardóttir  
Jón Guðmundsson  
Jakob Antonsson

### 5. Kjörbréfanefnd starfar

### 6. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Arnar les upp skýrslu stjórnar. Ríkki kynnir nýja heimasíðu TKÍ

### 7. Ávörp gesta

Líney talar um skipulagið innan ÍSÍ og segir að meira skipulag vanti innan TKÍ. Hún greinir frá ástæðum þess að taekwondo var ekki valið sem íþrótt á smáþjóðaleikunum 2015. M.a. vantar meiri styrk og samstöðu innan sambandsins. Líney hvetur iðkendum til að snúa bökum saman og leggja til hliðar persónulegan ágreining svo hægt sé að vinna markvist að því að byggja upp íþróttina í landinu.

### 8. Álit kjörbréfanefndar

Þingforseti lýsir því yfir að boðað hafi verið til þingsins með löglegum hætti.

Kjörbréf: ÍBR - 9 af 12 fulltrúum mættir (með umboðum)

UMSK - 5 af 6 fulltrúum mættir

ÍRB - 6 af 6 fulltrúum mættir (með umboðum)

HSK - 6 af 6 fulltrúum mættir (með umboðum)

ÍBH - 4 af 4 fulltrúum mættir (með umboðum)

ÍS - 3 af 3 fulltrúum mættir (með umboðum)

Alls: 33 fulltrúar með umboðum

### 9. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar

Liður færður þar til síðast. Verður liður 20.

#### 10. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Richard fer yfir fjárhagsáætlunina. Ekki er gert ráð fyrir að útgjaldaliðir breytist mikið. Þingforseti opnar umræðu um fjárhagsáætlun. Jón Levi spyr um kostnað vegna ferðalaga í sambandi við ólympíuleikana 2012. Sambandið borgar ekki sjálfa ferðina á leikana, en kostnaður gæti hækkað eitthvað vegna ferða á úrtökumót og önnur stærri mót. Hlynur spyr um hreina eign félagsins og hvort sambandið skuldi eitthvað og hvort það hafi skuldbundið sig til að greiða t.d. Meisam út samninginn fari svo að hann fái ekki landvistarleyfið framlengt. Hrein eign félagsins er um 1400 þúsund, félagið skuldar ekkert og er ekki skuldbundið til að borga Meisam út samninginn þurfi hann að fara úr landi.

Líney bendir á að ÍSÍ bjóði upp á bókhaldslykla og geti boðið tilboð á netbókhaldi til að bæta bókhald félagsins.

Fjárhagsáætlun er samþykkt einróma.

#### 11. Kosning þingnefnda

Lið sleppt

#### 12. Þingnefndir starfa

Lið sleppt

#### 13. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum

Lið sleppt

14. Þjónustugjald ákveðið. Þjónustugjaldið er nefskattur, sem innheimtist af félögum/deildum miðað við skráða iðkendur árið á undan skv. starfsskýrslum ÍSÍ.

Bent er á að nefskattinn ætti að rukka árlega en ekki annað hvert ár eins og undanfarið. Tillaga er um að halda þjónustugjaldi óbreyttu, þ.e. 500 kr á iðkanda. Samþykkt einróma

#### 15. Tillögur um breytingar á lögum TKÍ teknar til umræðu og afgreiðslu.

Tillaga er lögð fram um lagabreytingu.

*“Lög Kukkiwon um DAN-gráðanir verða að lögum TKÍ um DAN-gráðanir og taki þegar gildi.*

*Þetta felur í sér að allar reglur Kukkiwon um DAN-gráðanir hverju sinni gilda einnig á Íslandi nema Kukkiwon hafi eða muni gefa undanþágur frá reglunum. Allar óskir um undanþágur munu fara í gegnum stjórn TKÍ hverju sinni sem síðan sendir þær áfram til Kukkiwon. Öll brot á reglunum munu einnig fara í gegnum Kukkiwon.”*

Tillagan er gagrýnd og sögð óþörf. Bent er á að félög séu ekki öll að fara eftir þessum kröfum og því sé verið að setja reglurnar formlega inn í lög TKÍ. Spurt er hvaða undanþágur séu í gildi. Hlynur spyr Arnar hverjum hann hefur veitt leyfi og undanþágur til að gráða. Arnar segist hafa veitt M Cho leyfi fram að breytingu á reglum. Spurt er af hverju M Jamshid sé ekki kominn með leyfi, á meðan lægri Dan hafi fengið leyfi. Arnar bendir á að aðrir hafi ekki verið samþykktir, fyrir liggi beiðnir um undanþágur hjá Kukkiwon. Jón Levi bendir á að Kukkiwon tekur aðeins við beiðnum frá landssamböndum en ekki einstaklingum eða félögum. Helgi bendir á að Keflavík hafi sent inn umsókn sem þeir telji samþykkt. Arnar útskýrir að hann hafi ekki haft nógu háa Dan-gráðu, beiðni um undanþágu liggur hjá Kukkiwon. Gulleik spyr hvort stjórn TKÍ leggi mat sitt á fyrirspurnir sem fari í gegnum hana. Arnar segir að fyrirspurnir fari út eins og þær komi til stjórnarinnar. Rannveig minnst á að Sigursteinn hafi undanþágu. Þau hafi sent inn beiðni fyrir meistara með sömu gráðu

og hann. Sigursteinn er með Kukkiwon undanþágu, umsókn um undanþágu fyrir Reykjanesbæ hefur verið send út. Hlynur vill að komið sé á gagnsætt ferli þar sem TKÍ samþykki meistarara félaga. Hlynur leggur fram tillögu um að hvert félag útvegi upplýsingar um sína meistarara. Arnar bendir á að menn séu oft ekki sammála. Með því að gera þetta í gegnum Kukkiwon sé ákvarðanatakan komin hærra en hjá stjórn TKÍ. Guðrún leggur til að tillagan sé samþykktog að gerð sé greinagerð um að öll félög standi jöfnum fæti þegar kemur að undanþágum og beiðnum sendum til Kukkiwon. Þingforseti bendir á að hægt sé að búa til reglugerð. Guðrún vill að félög sendi beiðni til Kukkiwon í gegnum TKÍ til að erlendir meistarar þeirra geti gráðað löglega í gegnum Ísland. Írunn segir að Anna hafi sent inn beiðni fyrir M Cesar og M Jamshid, varðandi lagabreytinguna þá þurfi ekki að samþykkja hana þar sem hún er nú þegar í gildi. Arnar svara að búið sé að samþykkja M Jamshid munnlega, mál Cesars er hjá Kukkiwon. Hlynur leggur fram að lögin séu felld á þeirri forsendu að TKÍ mismuni félögum. Bent er á að sambandið ætti að hafa vinnureglur um hve langan tíma stjórnin hafi til að svara beiðnum. Jón Levi bendir á að enn hafi ekki verið rætt um það að fara eftir Kukkiwon lögnum. Helgi bendir á að vegna kröfu um þrjá 6. Dan meistarara séu öll próf á Íslandi ólögleg. Jakobi finnst þessi lög vera rétta leiðin. Hann bendir á að Danmörk fari eftir Kukkiwon reglum, og að Danska Taekwondosambandið haldi Dan-próf, en jafnframt sækir það um undanþágu til Kukkiwon svo að einstakir meistarar geti haldið Dan-próf fyrir Danska Taekwondodambandið. Spurt er hvort ástæða sé til þess að setja málið í nefnd og kjósa um málið á framhaldsþingi. Páll spyr hvað lögin segja og þýða fyrir iðkendur. Þingforseti bendir á að hægt sé að búa til reglugerð í stað laga um gráðanir. Þar væri hægt að setja ferlið inn. Jakob bendir á að flestir segist fara eftir þessum reglum. Jón bendir á að félög æfi misjafnlega, ef TKÍ haldi svartabeltispróf geti verið hættulegt að skella á einu landlægu prófi. En ef meistararnir sjá einir um prófið gefi það þeim mikið frelsi. Hann styður þá tillögu að setja málið í nefnd. Bent er á að fyrst sameiginlegt beltapróf gangi í Danmörku hljóti það að ganga hér á landi. Helgi bendir á að á Íslandi verði að vinna með undanþágum, þá einkum vegna skorts á háum Dan-gráðum. Antje spyr hvort félög fái enn leyfi til að gráða eða hvort það verði einungis eitt alsherjarpróf. Aftur er vísað til aðstæðna í Danmörku, þ.e. að landsambandið haldi beltapróf fyrir alla, en einstakir meistarar hafi undanþágur til að framkvæma sín eigin próf. Kjartan segir að passa verði upp á sjálfstæði félaga, góð vinnuregla sé að bjóða fulltrúum stjórnar til að fylgjast með prófinu.

Þingforseti lýkur umræðu.

Kosið er: Móti - 13 atkvæði

Með - 15 atkvæði

Lagatillagan er felld

16. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.

17. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu og þingmeirihluti leyfir.

i) Páll leggur fram tillögu:

*“Að stofnaður verði vinnuhópur sem undirbýr tillögu að reglugerð um Dan-gráðanir á Íslandi. Tillaga um reglugerð verði lögð fram fyrir framhaldsaðalþingið eftir tvær vikur.”*

Kjartan bendir á að stór vinnuhópur eigi erfitt með að ná samkomulagi. Hann leggur til að Páll muni stýra þessum vinnuhóp og leggur til að 2-4 muni hjálpa honum.

Sigríður tilnefnir Guðrúni. Írunn býður sig fram. Þingforseti leggur til að tilnefningar komi og kosið sé um aðila. Arnar bendir á að gott sé að hafa mest 1 fulltrúa frá hverju félagi. Bent er á að gott sé að hafa 5 fulltrúa í hópnum.

Tilnefningar:	Páll	Bjarkir	30
	Guðrún	HSK	29
	Írunn	Ármann	22
	Hulda	ÍR	27
	Halldór	HK	17
	Jón Levi	Afturelding	25
	Hlyndur	Fram	15

Kjörbréf eru 33, hver kýs 5 fulltrúa, alls 165 atkvæði

Í vinnuhóp eru því; Páll formaður  
Guðrún  
Hulda  
Jón Levi  
Írunn

Lokatillagan hljómar því þannig:

*“Að stofnaður verði vinnuhópur undir stjórn Páls, og með honum sitja Guðrún, Hulda, Jón Levi og Írunn og vinnuhópurinn undirbýr tillögu að reglugerð um Dangráðanir á Íslandi. Tillaga um reglugerð verði lögð fram fyrir framhaldsþingið eftir tvær vikur. Reglugerð ætti að fjalla m.a. um umfjöllunarefnið á umsóknum í umsóknarfeli frá félögum til Kukkiwon í gegnum stjórn TKÍ.”*

Tillaga er samþykkt einróma.

b) Ófeigur ber fram fyrirspurn til Hlyns vegna kæru á ÍM í sparring 2011. Farið er fram á að hann svari opinberlega spurningunum.

i) Af hverju hafði hann ekki samband við formann Selfoss og lét hann vita að keppendur væru ólöglegir áður en mótisdagur rann upp.

ii) Af hverju þessar reglur gilda bara um Selfoss en ekki önnur félög. 38 einstaklingar hafi fundist ranglega skráðir.

iii) Allir þingfulltrúar eru spurðir hvort ekki sé rétt að ÍM verði lýst ógilt og annað verði haldið í haust.

Tillaga um að taka málið til umræðu er felld.

18. Kosningar

i) stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein

Formaður:	Hlynur Richard	11 atkvæði 22 atkvæði
Til tveggja ára:	Erna Sigríður	Sjálfkjörin Sjálfkjörin
Til eins árs:	Hulda Ágúst	Sjálfkjörin Sjálfkjörinn
Varamenn:	Guðrún Arnar Jakob	Sjálfkjörin Sjálfkjörinn Sjálfkjörinn

Í stjórn TKÍ 2011-12 eru því:

Richard (formaður)  
Erna  
Sigríður  
Hulda  
Ágúst

Varamenn:

1. Guðrún
2. Arnar
3. Jakob

ii) Tveir skoðunarmenn reikninga  
Kosið verður á framhaldsþingi

iii) Fastanefndir sem starfa á milli taekwondóþinga  
Engar fastanefndir, lið sleppt

iv) Fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttþing ÍSÍ fer fram  
Lið sleppt

19. Tillögu, sem lögð var fram í 17. lið og var samþykkt, er breytt. Þing TKÍ veitir nýrri stjórn heimild til að láta vinnuhóp starfa. Vinnuhópur skal skila inn tillögu til TKÍ fyrir lok ágúst. TKÍ sendir tillögurnar á félögin sem hvert sendir einn fulltrúa með einu atkvæði á fund TKÍ.

Breyting á tillögu er samþykkt einróma.

Þingi er frestað til 9. júní.

20. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar